

Til Sveitarfélagsins Árborgar.

Þetta er bréf frá Hörpukórnum.

Hörpukórin er kór eldri borgara í Árborg. Tilgangur kórsins er að koma saman, syngja, efla athygli, minni, léttu lund og hafa gaman. Kórin hefur sungið fyrir vistmenn á Ljósheimum, Fossheimum og Sólvöllum fyrir jólaár hvert, ásamt að fara upp að Sólheimum í Grímsnesi til að syngja fyrir heimilisfólkið þar. Kórin er í samstarfi við fjóra aðra eldri borgarakóra þar sem haldið er svokallað fimmkóramót, á hverju ári og skiptast kórarnir á að halda mótið, en það er komið í okkar hlut að sjá um mótið næsta vor, það er vorið 2023. Við komum líka fram á þeim viðburðum sem F.E.B óskar eftir okkur á s.s. árshátíð, opið hús o.f.l. Kórin æfir einu sinni í viku byrja æfingar fyrri hluta október mánaðar og stendur starfsemin yfir þar til um miðjan Maí, til að gera þetta allt þarf að sjálfsgöðu að hafa góðan og ákveðinn söngstjóra en söngstjórinn sem við höfum verið með nokkur undanfarin ár þurfti að hætta af heilsufars ástæðum. Við leitum því að nýjum söngstjóra, það kemur með til að vera mun dýrara en verið hefur hjá okkur. Við óskum því eftir styrk frá Sveitarfélaginu Árborg til að aðstoða okkur við að halda utan um starfsemi kórsins.

Með kærri kveðju og þakklæti.

F.H. hönd Hörpukórsins

Hugborg Sigurðardóttir

Hugborg Sigurðardóttir formaður

Rúnar J. Hjaltason

Rúnar Jökull Hjaltason varaformaður

ÁRBORG	
Bnr: 00.81	Mótt: 20.05.22
Abm: 6744	Mnr: 2205232